

Pankastrik

Gleði

Fyrir rúmum fimm árum síðan gekk ég inn á hjúkrunarheimili á Akureyri til að taka þar við forstöðumannsstöðu. Ég hafði ekki mikla reynslu af því að starfa við öldrunarmál en fannst þetta mjög spennandi vettvangur. Það sem seldi mér hugmyndina var sú staðreynd að Hjúkrunarheimili Akureyrar, var og er nýsköpunarfyrirtæki, hversu mikil snilld er það? Spennan og tilhlökkunin var mikil þegar ég gekk inn í húsakynni öldrunarheimilisins fyrsta vinnudaginn. Eins og gengur á nýjum stað, þá rataði ég ekkert um húsið og spurði eldri mann, sem sat þungt hugsí í stól á gangveginum, til vegar. Ég settist hjá honum og sagði honum hvaðan ég væri og svona; hveira manna ég væri. Ég taldi víst að allt eldra fólk vildi vita hvaðan ég kæmi og hverjum ég væri skyldur. Hann svaraði að bragði: „**Veistu, ég barasta held að stelpurnar í dag séu bara miklu myndarlegri en þegar ég var aðeins yngri.**”

Texti: Ingi Þór Ágústsson, forstöðumaður Austurhlíðar, Öldrunarheimila Akureyrar



Þetta svar fannst mér algjör snilld! Þarna á fyrstu mínúturnum í nýrri vinnu, á nýjum stað og nýjum starfsvettvangi, breyttust öll mín viðhorf til öldrunarhjúkrunar. Allt það sem ég taldi mig vera að fara að gera, breyttist við þetta fyrsta spjall. Þessi eldri maður varð þess valdandi að ég áttaði mig á því að það er sama hvað við erum gömul, við höfum öll áhuga á hinu kyninu, (eða sama kyni), gleðinni, vinskapanum og á því að fíflast aðeins. Þetta varð til þess að þau verkefni, sem ég síðan setti á fót þarna, urðu svolítið frábrugðin því sem ég taldi mig vera að fara að gera, eftir þetta spjall fyrsta daginn.

Þegar ég var við verknám í öldrunarhjúkrun á Droplaugarstöðum, fyrir mörgum árum síðan, þá man ég hvað mér fannst staðurinn stofnanalegur og einmanalegur. Mér fannst vanta gleðina. Í mörg ár á eftir, hugsaði ég með mér, að þetta væri ekki starfsvettvangur fyrir mig. Vá! Ég hafði sko rangt fyrir mér! Ég skammast reglulega við sjálfan mig, fyrir framan spegilinn á morgnana, og spyr sjálfan mig hvers vegna ég hafi ekki fyrir löngu verið byrjaður að starfa að öldrunarmálum?



Ég tók mig til og setti mér ný markmið í starfi; að finna gleðina í húsinu og viðhalda henni. Vá, hvað það er gaman að finna gleðina í hversdagslegum aðstæðum. Ég fór að skammast í notendum hér að vera nú ekki að hlaupa á göngunum og hrósa þeim fyrir fallett „viðhald“ (göngugrindina). Ég sótti um vínveitingaleyfi og dró nokkra karla hér með mér í bjórsmökkun, (sem endaði með gleði fram á rauða nótt því þeir vildu ekki fara heim). Dró þá líka með mér í bíó og fékk svo 70 tommu sjónvarp fyrir heimsmeistaramótið í tuðrusparki og poppvél. Ég samdi líka við Græna Hattinn um atriði í bókakaffihúsið okkar og er búin að flækjast um allan Eyjafjörð, með íbúa og notendur, að kynna okkur umhverfið með leiðsögumanni, sem við réðum í fullt starf hér eitt sumarið. Allt þetta og öll ótal mörgu samtölin við þá sem hér búa, starfa og leita sér þjónustu, um allt sem skiptir máli í þessu lífi. Kjarninn í þeim samtölum er ástin. Það man enginn eftir fyrsta hjólinu eða fyrsta bílnum en það muna allir eftir fyrsta kossinum og ljóma við tilhugsunina. Já, eða reyna að fela það þegar roðinn færir yfir kinnina. Það muna allir eftir fyrstu ástinni, fyrsta skotinu og hvolpalátunum. Fyrsta dansinum á ballinu og fiðrildinu í maganum þegar ástin var til staðar. Þar sem gleðin er, þar er jú líka sorg, það muna margir eftir sorginni en gleðin er samt það sem stendur upp úr. Vissulega hefur lífið ekki verið dans á rósum hjá mörgum og sorgina hafa margir upplifað, sumir meira en aðrir. Heldra fólk hefur kennt mér að lífið er alls konar, við erum alls konar og við berum alls

konar með okkur; gott og slæmt, allt til enda. Gleðin hér hefur líka kennt mér að við erum nánast öll eins. Við elskum flest að gleðjast, hlæja, fíflast, vinskapi og félagsskapi og það er alveg óháð aldri. Gleðin færir okkur vellíðan, hún fær okkur til að finnast við lifandi, finnast við skipta máli og umfram allt færir hún okkur magaverk af hlátri sem er yndisleg tilfinning. Það er alveg sama á hvaða aldri maður er, gleðin kveikir í manni lífslöngun, hressir, kætir og ætli hún, svei mér þá, lengi þá ekki lífið?

Þess má geta að eldri maðurinn í upphafi sögunnar var minn besti vinur hér á Akureyri þar til hann lést. Við áttum margar góðar stundir hér þar sem við vorum með fíflalæti, sögðum sögur og horfðum út um gluggann, (á stelpurnar), fram að andláti hans. Ég fæ seint fullþakkað honum vinskapi, þessi elska sem sneri mér alveg þarna á fyrstu mínúturnum í nýju starfi. Takk Siggí Leós! Og nei, það er ekki ennþá búið að reka mig!

Mig langar að yngri kynslóð hjúkrunarfræðinga fái tækifæri í næsta pistli og skora því á Sigrúnu Evu Sigurjónsdóttur, hjúkrunarfræðing hjá Heilsuvernd að skrifa næsta pistil.

„Þar sem gleðin er, þar er jú líka sorg, það muna margir eftir sorginni en gleðin er samt það sem stendur upp úr.“

